

III. HEIMTAUGAGJÖLD.

Heimtaugagjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

Stofngjald:

1.	60 A	1-fasa		kr.	6 220,00	innif. allt að 40 m
2.	60 A	3-fasa		kr.	9 320,00	innif. allt að 40 m
3.	100 A	3-fasa		kr.	12 015,00	innif. allt að 40 m
4.	2000 A	3-fasa		kr.	16 615,00	innif. allt að 40 m

Gjaldskrá þessi gildir á skipulögðum svæðum í Húsavík. Sé um óskipulögð svæði að ræða, eða aðstæður óvenjulegar er heimilt að krefjast aukagjalds af húseiganda.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna ákveðins notanda og hún að mestu leyti notuð í hans þágu, skal notandanum skylt að leggja til húsnaði undir stöðina, rafveitunni að kostnaðarlausu.

Heimtaugar í peningshús, beitingar- og bílskúra greiðist eftir reikningi.

Heimtaugargjald greiðist við umsókn.

VI. OPNUNARGJALD.

1. Hafi gjald skv. gjaldskrá þessari eigi verið greitt svo að til lokunar hafi komið fyrir reikning, skal taka gjald fyrir enduroppnun kr. 93,00
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað og verður hún ekki opnuð fyrr en notandinn hefur greitt kr. 93,00 á skrifstofu Rafveitunnar.

Hækki innkaupsverð raforku er rafveitunefnd heimilt að hækka gjaldskrá þessa um allt að 55% af þeirri hækkun.

Breyting og hækkun gjaldskrár samkvæmt ofanrituðu er því aðeins gild að til komi sérstakt samþykki iðnaðarráðuneytisins.

Innifalið í gjaldskrá þessari er 23,5% söluskattur og 19% verðjöfnunargjald.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að taka gildi 5. nóv. 1981, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 622 1981 um breytingu á gjaldskrá rafveitna, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 537 21. ágúst 1981.

Iðnaðarráðuneytið, 24. nóvember 1981.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Rafveitu Reyðarfjarðar.

I. GJALDSKRÁRLIÐUR.**1. Lýsing.**

Rafveita Reyðarfjarðar selur raforku á því verði sem hér segir:

1.1 Fast gjald		F1
Orkugjald		kr. 2,55 á kWst.

1.2 Fast gjald	F1 + F2
Orkugjald	kr. 1,18 á kWst.

2. Notkun til heimilisparfa.

2.1 Fast gjald	F1 + F3
Orkugjald	kr. 0,76 á kWst.

3. Vélanotkun.

3.1 Fast gjald	F1 + F2
Orkugjald	kr. 1,45 á kWst.
Lágmarksgjald	18 × F1 á ári
3.2 Aflgjald lágmark 3 kW	kr. 3 148,00 á ári
Aflgjald frá 3—5 kW	kr. 1 066,00 á kW á ári
Fast gjald	F1 + F3
Orkugjald	kr. 0,36 á kWst.
3.3 Aflgjald umfram 5 kW	kr. 944,00 á kW á ári
Fast gjald	F1 + F3
Orkugjald	kr. 0,30 á kWst.
3.4 Til súgurrkunar	
Fast gjald	F1
Orkugjald	kr. 0,36 á kWst.

4. Húshitun.

4.1 Fast gjald	F1 + F4
Orkugjald	kr. 0,57 á kWst.
Roftími allt að 1 klst. á dag.	
4.2 Fast gjald	F1 + F4
Orkugjald	kr. 0,24 á kWst.
Roftími allt að 3 klst. á dag.	
4.3 Fast gjald	F1 + F4
Orkugjald	kr. 0,13 á kWst.
Roftími allt að 15 klst. á dag.	

5. Utanhússlýsing.

5.1 Fast gjald	F1
Orkugjald	kr. 0,76 á kWst.

Skilgreiningar og ýmis ákvæði.

Föst gjöld.

F1	kr. 17,85 á mán.
F2 a) Verslanir, skrifstofur, vinnustofur o. þ. h.	kr. 0,56 á m ² á mán.
b) Gangar, geymslur o. þ. h.	kr. 0,33 á m ² á mán.
F3	kr. 5,70 á gj.e. á mán.

Gjaldeiningar eru:

a) Fyrir fjölskylduheimili.

Hvert herbergi notað eða ætlað til íbúðar, en ekki ganga, baðherbergi né geymslu.

Herbergi 5 m² eða minna reiknast hálf, 25 m² eða stærra tvö.

- b) Fyrir félagsheimili, skóla gistihús o. þ. h. 20 m² mælt innan útveggja.
 - c) Fyrir fiskvinnslustöðvar, iðnaðar- og iðjuhús o. þ. h. 30 m² fyrir vinnslurúm, 40 m² fyrir geymslurúm.
 - d) Fyrir útihús vegna búrekstrar. Fyrstu 50 m² eða minna, ein gjaldeining, hverja næstu 100 m², ein gjaldeining.
- F4 Hvert uppsett kW 74,40 kr. kW á ári.

6. Hitun.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

- a) Að notandi setji á sinn kostnað klukkurofa fyrir hitalögnina og kosti viðhald þeirra.
- b) Að vélaafl, götulínur, og spennar þoli álag að dómi rafveitustjóra.
- c) Að hitalagnir, þar með talin öll tæki séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fastengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir.

Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0,8 skal hann gera ráðstafanir á sinn kostnað til þess að hækka fasviksstuðulinn upp í það gildi. Notandi greiðir hærri verð fyrir raforku með fasviksstuðli undir 0,8.

II. OPNUNARGJÖLD.

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu skal taka gjald fyrir enduopnun kr. 150,00.

Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun skal veitunni lokað og hún ekki opnuð aftur fyrr en notandi hefur greitt kr. 80,00 á skrifstofu rafveitunnar.

III. HEIMTAUGAGJÖLD.

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald sem hér segir:

Grunngjald af hverri heimtaug kr. 31,30

Auk grunngjalda skal greiða 10% af hverju þús. að kr. 2 249,00

5% af hverju þúsundi sem umfram er af brunabótamati húsa og mannvirkja.

Heimtaugargjald fellur í gjalddaga þegar heimtaugaruppsetningu er lokið eða þegar brunabótamat hefur verið framkvæmt.

Sé lengd jarðlínuheimtaugar meiri en 20 metrar og loftlínu meiri en 60 metrar og gildleiki víra meiri en $3 \times 70q$, skal húseigandi greiða kostnað af því sem umfram er.

Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að sama húsi skal greiða allan kostnað af síðari heimtauginni eftir reikningi.

Söluskattur og verðjöfnunargjald eru innifalín í öllum gjaldskrárliðum nema raforku til húshitunar.

Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 staðfestist hér með til að taka gildi 5. nóv. 1981, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 622 1981, um breytingu á gjaldskrár rafveitna, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 548 21. ágúst 1981.

Iðnaðarráðuneytið, 24. nóvember 1981.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.